

Fundur í skólaráði 14.02.2023

Mættir: Sigbór og Sigrún Helga fulltrúar nemenda, Marianna fulltrú almennra starfsmanna, Arna Björk fulltrúi grenndarsamfélags, Anna fulltrú foreldra og Brynjar aðstoðarskólastjóri.

Skóladagatal 2023-2024

Rætt um skóladagatal sem samþykkt var á kennarafundi viku fyrr.

Vetrarfrí og flestir starfsdagar koma frá menntasviði, starfsdagur í október og janúar samræmdir milli Snælandsskóla og Álfhólsskóla. Farið yfir daga sem skólinn merkir inn á dagatalið þ.e. uppbrotsdaga, skerta daga og foreldraviðtöl. Marianna óskar eftir að hafa starfsdaga í frístund í október og mars.

Engar athugasemdir gerðar og skóladagatal samþykkt, verður í framhaldi sent til menntasviðs.


Staða á skólahúsnæði.

Borð og stólar voru endurnýjaðir í nokkrum stofum í haust (tónmennt, náttúrufræði). Skipt var um þak á C-álmu og yfir tónmenntastofu og yfir stjórnaálmum. Kom til tals staða í skólanum hvað varðar myglu en ekkert slíkt kom í ljós þegar skipt var um þök. Ekki er talin ástæða til að vera með áhyggjur af myglu á þessum tímamarki en reglulega er sú staða metin og skoðuð betur ef þörf er á.

Verið að panta ný húsgögn í frístund.

Hugmynd að því að skreyta innanhúss fyrir fjármagn sem skólinn fékk frá Kópavogsbæ sl. haust, 1000 kr á nem. Kynnt á kennarafundi og vel tekið í hugmyndina. Engar tillögur höfðu borist frá ráðum í skólanum en næsta skref er að bera þessar tillögur undir ráðin þ.e. umhverfisráð, heilsuráð og UNICEF (jafnréttis og mannréttindaráð) og fá frekari tillögur frá þeim.

Það sem borið verður undir þessi ráð er að kaupa inn merkingar til að setja á gólf og veggi til að lífga upp á umhverfið á göngum skólans. Um er að ræða merkingar á borð við Parísarhopp, gráðuboga við hurðar o.fl. Bent var á að gott væri að fá hugmyndir frá öðrum skólum um hvernig þetta fjármagn hefur verið nýtt þar.





Önnur mál

Lýst er yfir áhyggjum af umferð um Furugrund þegar skóli er að hefjast á morgnana, margir að aka börnum í skólann og hleypa þeim út í Furugrundinni þar sem nemendur hlaupa svo yfir götuna. Viðruð var hugmynd hvort betra væri að biðja foreldra að aka niður Víðigrundina eða að Fagralundi til að hleypa út nemendum.

Nemendur nefndu að þeir myndu vilja fá betri upplýsingar um uppbrotsdaga t.d. inn á Mentor, ekki væri nóg að senda þessar upplýsingar til foreldra því sumir foreldrar lesi ekki tölvupósta frá skólanum eða segja börnum sínum ekki frá því sem fram kemur þar.

Fundi slitið

Brynjar Ólafsson ritar fundargerð